

# Upptökuleiðbeiningar – íslenska

## Fyrir upptökur

- Kveikt er á upptökugræjunni með **rauða takkanum** aftan á græjunni (lengst til hægri)
- 4 hljóðnemar og samsvarandi heyrnartól.
- Best er að sá sem stjórnar upptökunum sé með hljóðnema og heyrnartól **#1**
- 4 sleðar vinstra megin á upptökutækinu stjórna því hversu hátt heyrast í hljóðinu á viðkomandi rás
  - Ágætt er að hafa hljóðið frekar hátt, jafnvel í kringum 7-8
  - Best er að vera nálægt hljóðnemanum þegar talað er í hann, og að halda stöðugri fjarlægð.
- Betra að allir séu með heyrnartólin á sér á meðan upptöku stendur; en ekki nauðsynlegt ef hljóðstyrkurinn hefur verið rétt stilltur.
- Á skjánum á upptökugræjunni sést hversu há upptakan er.
  - Ágætt að miða við að hljóðið sé í kring um þykku hvítu línuna.
- Passa að allir sleðar séu uppi hjá þeim sem eru að taka upp, en niðri við þá hljóðnema sem ekki er verið að nota.
- Hægt er að tengja eigin tölvur og snjalltæki við upptökugræjuna.
  - Sjá myndrænar leiðbeiningar um **RØDECaster Pro** í leiðbeiningavasa
  - **ATHUGIÐ:** starfsfólki bókasafnsins er **ekki leyfilegt** að fara inn í tæki notenda til að aðstoða við uppsetningu. Notendur verða sjálfir að kunna á eigin tæki.
  - Ef notendur nota eigin tæki til upptöku **verður að ganga frá öllum snúrum aftur á rétta staði í upptökugræjunni eftir að upptökum er lokið!**




## Hljóðhnappar

- Hljóðhnappar eru lituðu takkarnir hægra megin á upptökugræjunni
- Ef notendur vilja nota eigin hljóð fyrir hljóðhnappana er best að vera með hljóðskrár fyrirfram tilbúnar á USB-lykli.
- Til að virkja hljóðhnappana:

- Velja tannhjólið á snertiskjánum á upptökugræjunni
  - Sounds > örvarnar skipta á milli hljóðbanka


- Til að setja hljóð inn á hljóðhnappana:

- Opna **RØDECaster Pro** forritið í tölvunni




- Í forritinu eru 3 hljóðabankar:

- **Bank 1:** hljóð sem eru forhlaðin inn í græjuna frá framleiðanda
- **Bank 2:** hljóðahnappar frá teknir fyrir starfsfólk Bókasafnsins
- **Bank 3:** hljóðahnappar sem öllum notendum er frjálst að nota



- Opna “Bank 3” > Ýta á + > finna hljóðskrána > Samþykkja
- Hægt er að smella á hljóðskrána í forritinu til að fá upp frekari valmöguleika:
  - Breyta nafninu á hljóðskránni, breyta lit á takkanum, velja mismunandi afspilunarmöguleika o.fl.
  - Færið músarbendilinn yfir valmöguleikana til að fá ítarlegri upplýsingar
- Passa að sleðinn vinstra megin við hljóðhnappana sé stilltur nógu ofarlega svo að hljóðin heyrist vel. Gott að prófa sig áfram áður en upptakan fer í gang og hlusta á hljóðið í heyrnartólunum.
- Til að eyða hljóðum út af hljóðbanka:
  - Smella á viðkomandi hljóð > smella á „ruslafötu“ táknið



## Í upptöku

- Til að hefja upptöku:
  - Ýta á stóra REC-takkann.
    - **Grænn REC-takki** = allt klárt fyrir upptöku
    - **Rauður REC-takki** = upptaka í gangi
    - **Gulbrúnn REC-takki** = hlé á upptöku
- Best er að vera nálægt hljóðnemanum þegar talað er í hann, og að halda stöðugri fjarlægð.
- Til að gera hlé á upptöku:
  - Halda REC-takkanum inni í 2 sek.
    - Ljósíð verður rauðgult og upptakan stöðvast
- Til að setja upptöku aftur í gang í sömu skrá:
  - Ýta einu sinni á REC-takkann
- Til að hætta alveg að taka upp:
  - Halda REC-takkanum aftur inni í 2 sek.
- Til að þagga niður í rás án þess að færa sleðana:
  - Ýta á rauða takkann fyrir neðan sleða viðkomandi rásar
- Til að heyra bara í viðkomandi rás en engum öðrum:
  - Ýta á græna takkann fyrir neðan sleða viðkomandi rásar


## Eftir upptöku




- Færa hljóðskrár úr upptökugræju yfir í tölvuna:
  - Ýta á tannhjól á snertiskjánum (efst í vinstra horni)
    - Hardware > MicroSD Card > Kveikja á Podcast Transfer Mode > velja Yes
  - Þá kemur upp mappa í tölvunni sem heitir RODECASTER
    - Velja RODE og PODCASTS til að komast í upptökurnar.
  - Nú er annað hvort hægt að færa skrárnar yfir í möppu á skjáborðinu sem heitir „Upptökur - MUNA AÐ HREINSA ÚT EFTIR TÍMANN!!!“ eða færa þær yfir á eigin USB-lykil.
  - Til að klára yfirfærslu:
    - Ýta á „Done“ á snertiskjánum > Velja „Yes“
- Til að hreinsa út úr upptökugræjunni
  - Ýta á tannhjól > Hardware > MicroSD Card > Erase SD Card > Færa rauða sleðann alveg til hægri > Velja „Yes“
- Til að slökkva á upptökugræjunni:
  - Ýta á rauða takkann aftan á græjunni > Velja „Yes“
- **Muna að hreinsa út allar hljóðskrár bæði úr tölvunni, af hljóðhnöppunum og úr upptökugræjunni!**

## Þráðlausa netið fyrir gesti er: BH Gestir

Frekari upplýsingar um upptökutækið og stillingar þess má fá á vefsíðunni:  
<https://www.ode.com/rodecasterpro>

## Audacity



- Audacity er hljóðvinnsluforrit sem hægt er að nota til að klippa hljóðskrár og vinna með þær.
- **AHTUGIÐ:** Til að spara tíma mælum við helst með því að notendur mæti með USB lykil til að setja hljóðskrárnar inn á, og sækji sér Audacity forritið (eða annað hljóðvinnsluforrit að eigin vali) í eigin tölvu til að vinna úr hljóðskránum. Audacity er einfalt í notkun og hægt að nálgast það ókeypis á netinu.
- Til að sækja hljóðskrá inn í forritið er hægt að smella á File > Import > Audio. Þar er hægt að finna allar hljóðskrár sem á að klippa og setja inn í forritið.
  - Einnig er hægt að draga skrá úr möppu og beint inn í forritið.
- Helstu aðgerðir í Audacity:
  - Velja  - Þetta þarf að vera valið til að geta valið hluta af hljóðskránni eða hvar á að byrja að spila.
  - Færa  - Til að færa hljóðrás til, þetta er gott þegar þarf að skeyta saman hljóði á mismunandi rásum.
  - Klippa  - Velja hljóðbútinn sem á að klippa í burtu og ýta svo á skærin.
  - Splitta – Til að splitta upptöku upp í tvennt er bendillinn settur á réttan stað, svo er farið í Edit -> Clip Boundaries -> Split. Eftir það er hægt að færa báða hluta upptökunnar í sitt hvoru lagi.
- Það eru margir fleiri möguleikar í klippiforritinu til að snyrta til upptökur eða fínþússa hljóðið. Við mælum með að skoða handbókina fyrir Audacity á:
  - <https://manual.audacityteam.org/>